

## 111. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis haldinn að heimili formanns 3. október 2018

**Mættir:** Auður Inga Ólafsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Páll Árdal og Víðir Benediktsson.

Fjarverandi: Einar Gauti Helgason og Eiríkur K. Aðalsteinsson.

### 1. Hörgárbraut og slysin við þessa götu.

Helsta umræða þessa fundar er umræðan um Hörgárbrautina og slysin sem þar hafa verið í gegnum tíðina og eru nefndarmenn sammála að þetta sé hin mesta slysigildra. Ekið var á dreng í lok September og viku síðar var hörð aftanákeyrsla þegar vegfarandi gekk yfir.

Nefndarmenn og aðrir í hverfinu hafa óskað eftir brú eða göngum eða að minnsta kosti einhverjum breytingum. Auður er beðin um að vera tengiliður okkar í þessum málum og ætlar hún að setja inn pistil frá Hverfisnefndinni. Nefndarmenn munu fylgjast vel með og setja á síðuna sína, holta-og hlíðarhverfi, Akureyri á facebook allar þær upplýsingar sem við komumst yfir og hvetjum hverfisbúa til að tjá sig þar inni.

### 2. Verkefni vetrar

Bygging nýs leikskóla, umferðaröryggi skólabarna og stígar í hverfinu.

Margt rætt en ekki fært til bókunar. Auður nefndarmaður átti drenginn sem ekið var á við Hörgárbrautina og mikil umræða fylgdi þeim fréttum.

Berglind Rafnsdóttir, formaður og ritari